


Fiskstofnar í ám í Mýrarhreppi
Austur-Skaftafellssýslu
Nýtingarmöguleikar
Sigurður Guðjónsson 1988

Unnið fyrir Mýrarhrepp
Veiðimálastofnun VMSTR/88036

VEIÐIMÁLAS
Bókasafn

Eintak bókasafns

VMST-2 / 88036



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

Fiskstofnar í ám í Mýrarhreppi
Austur-Skaftafellssýslu
Nýtingarmöguleikar
Sigurður Guðjónsson 1988

Unnið fyrir Mýrarhrepp
Veiðimálastofnun VMSTR/88036

(A)
VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VEIÐIMÁLA
Bókasafn

Inngangur

Flatlendi það sem myndar Mýrarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu er myndað af framburði jökulfljóta sem streyma frá hinum háu jökulklæddu fjöllum sem einnig einkenna landslag á þessum slóðum (Mynd 1).

Síðastliðið sumar voru ár í hreppnum skoðaðar með tilliti til nýtingar. Hér á eftir fylgir stutt greinargerð um þær athuganir sem gerðar voru.

Niðurstöður

Stærri ár á þessum slóðum eru allar jökulár. Árnar eru kaldar og fremur snauðar. Rafleiðni sem gefur vísbendingu um næringarefni í ám, mældist lítil í ánum (Tafla 1). Halli er talsverður ofantil í ánum en síðan renna þær um flatlendi. Botn er því sendin neðantil en meira um grjót og klöpp þar sem hallinn er meiri. Rennslishættir eru eins og í öðrum jökulvötnum mest, rennsli er seinni hluta sumars.

Tafla 1 Rafleiðni (H₂O) í ám í Mýrarhreppi

Kolgríma	37
Hólmsá	13
Djúpá	32
Hornafjarðarfljót	35

Aðalfisktegundin í þessum ám er bleikja sem að mestum hluta gengur til sjávar en einnig er að finna sjóbirting. Uppeldisskilyrði fyrir fiskungviði er helst þar sem botn er grýttur sem er ofantil í ánum. Minni lækir sem uppruna eiga á láglandi gæti einnig lagt talsvert til framleiðslunnar, þar eð þeir eru hlýrri og frjósamari.

Kolgríma fellur í Hestgerðislón, en hinar árnar (Mynd 1) Hólmsá, Djúpá og Hornafjarðarfljót falla í Hornafjörð.

Talsverð netaveiði er á sjóbleikju og sjóbirtingi í Hornafirði og mætti auka þá veiði með meiri sókn. Sýni voru tekin úr afla þar og reyndist aflinn bæði bleikja (32-49 cm langar) og urriði (33-42 cm). Bleikjan reyndist hafa dvalið 3 til 4 ár í fersku vatni áður en hún gekk til sjávar. Bleikjan hafði ýmist verið 1 eða 2 sumur í sjó. Sjóbirtingurinn hafði dvalið frá 3 til 5 árum í ferskvatni áður en hann hélt til sjávar í fyrsta skipti en hafði verið í sjó frá 1 sumri og upp í 3


sumur.

Í vatni suður af bænum Flatey (Flateyjarflóa) voru einnig tekin nokkur sýni af urriða. Sá urriði hafði aldrei gengið í sjó en var 5 til 7 ára gamall (28-36 cm). Vöxtur var ágætur fram að 3 til 4 ári, en þá dregur úr vexti samfara því að fiskurinn nær kynþroska.

Baulutjörn var einnig skoðuð, en hún er lítil tjörn og grunn og stendur því vart undir mikilli fiskframleiðslu.

Nýtingarmöguleikar

Ljóst er að fiskframleiðsla í Mýrahreppi er ekki mikil vegna þess hve vatnsföll í hreppnum eru rýr af lífi. Þrátt fyrir litla framleiðslu á flatareinungu er botnflötur ánnar mikill. Því er ljóst að allnokkur silungsframleiðsla er til staðar og er þá aðallega um sjóbleikju að ræða. Flest bendir til að auka megi veiðar án þess að ganga nærri stofnunum. Nýtingin fælist í netaveiði annað hvort úti í Hornafirði, eins og nú er gert, og á svipaðan hátt í Hestgerðislóni. Einnig er hægt að stunda netaveiði í ánum. Netaveiði á sjóbleikju í ánum væri vænlegust seinni hluta sumars frá júlí og fram í september. Sjóbirtingur er væntanlega heldur seinna á ferðinni upp árnar. Einnig er athugandi hvort unnt sé að stunda vorveiði þegar fiskur er á leið til sjávar. Beita yrði svipuðum veiðiaðferðum og tíðast með net í öðrum jökulvötnum. Veiði í Flateyjarflóa er unnt að stunda allt sumarið. Skráning á veiði er mikilvæg forsenda frekari ráðgjafar á nýtingu. Gæta skal þess að veiðitími og aðferðir séu samkvæmt lögum (lög no 76 frá 1970).



Mynd 1. Vatnsföll í Myrarhreppi